

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 9. ágúst 2024
UST202407-209/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag í landi Axlar - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Axlar í Snæfellsbæ.

Í erindinu kemur fram svæðið sem deiliskipulagið nær til er 66 ha og eru innan þess verzlunar- og þjónustureitirnir VP-27, VP-28 og VP-33 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Auk þess segir að þar er nú íbúðarhús ásamt húsnæði sem nýtt eru undir þjónustu í formi sjö herbergja gistihús og jógaiðkun. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit undir húsnæði fyrir jógaiðkun austan megin við Axlarhól, innan VP-33. Húsgrunnur stendur vestast í húsþyrpingunni við Öxl en þar er áætlað að koma aftur fyrir frístundahúsi sem gæti nýst til útleigu fyrir ferðamenn.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri